

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að örva áhuga fyrir fegrun lóða og landssvæða bæði í Sauðárkrókskaupstað og Skagafjarðarsýslu.

Fé það, sem til ráðstöfunar er hverju sinni, skal nota til að kaupa eigulega, áletraða gripí, er veitist sem viðurkenning til þeirra aðila, er verðugastir þykja hverju sinni.

Einnig er heimilt að veita viðurkenningu í öðru formi.

5. gr.

Veita má fleiri en einum aðila viðurkenningu úr sjóðnum árlega.

6. gr.

Sé ekkert viðurkenningarvert að dómi sjóðsstjórnar, má fresta úthlutun og veita í einu lagi fyrir tvö ár eða fleiri.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera í höndum þriggja manna, er annist fjárreiður hans og úthluti viðurkenningum úr honum.

Form. stjórnar Sparisjóðs Sauðárkróks sé sjálfkjörinn formaður sjóðstjórnar. Árlegur aðalfundur Sparisjóðsins kýs hina tvo, og skal annar vera af Sauðárkróki, en hinn úr Skagafjarðarsýslu.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Geri formaður sjóðsstjórnar grein fyrir fjárhag hans og úthlutun viðurkenninga á aðalfundi Sparisjóðsins ár hvert. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagskrá þessari.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af aðalfundi Sparisjóðsins. Hætti Sparisjóður Sauðárkróks starfrækslu, ákveður síðasti aðalfundur hans um áframhaldandi framkvæmd þessarar reglugerðar.

Sauðárkróki, 3. apríl 1964.

Björn Danielsson.

Guðjón Ingimundarson.

Jón Sigurðsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá Menntasjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. marz 1968. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Menntasjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks.

1. gr.

Sjóðurinn heiti Menntasjóður Sparisjóðs Sauðárkróks, og er stofnaður með 75 þúsund króna framlagi Sparisjóðs Sauðárkróks í tilefni 75 ára afmælis sjóðsins á aðalfundi 27. apríl 1962.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða. Sé það vaxtað í Sparisjóði Sauðárkróks.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins skal auka með því að bæta við árlega hluta af vöxtum hans þannig:

Helming vaxta þar til höfuðstóll nemur 100 þús. krónum. Síðan skal bæta við höfuðstól $\frac{2}{5}$ vaxta ár hvert, þar til höfuðstóll nemur 200 þúsund krónum. Síðan skal ætíð leggja $\frac{1}{5}$ vaxta við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla og styrkja menningar- og framfaramál í Skagafjarðarsýslu og Sauðárkrókskaupstað.

5. gr.

Tilgangi sínum hyggst sjóðurinn m. a. ná þannig:

- a. með viðurkenningu fyrir rannsókn á skagfirzkri sögu.
- b. að verðlauna sérstakar úrlausnir verkefna, sem sjóðstjórn telur æskilegt að leyst verði.
- c. að stuðla að útgáfu skagfirzkra blaða og bóka.
- d. að veita viðurkenningar fyrir það annað, sem að dómi sjóðsstjórnar eða skv. annarra ábendingum, má verða skagfirzkri menningu sérstaklega til liðs.

6. gr.

Skipta má viðurkenningum úr sjóðnum árlega milli fleiri aðila, skv. ákvörðun sjóðsstjórnar

7. gr.

Sé ekkert viðurkenningarvert, að dómi sjóðsstjórnar, má fresta úthlutun og veita í einu lagi fyrir tvö ár eða fleiri.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera í höndum þriggja manna, er annist fjárreiður hans og úthluti viðurkenningum úr honum.

Form. stjórnar Sparisjóðs Sauðárkróks sé sjálfkjörinn formaður sjóðsstjórnar. Árlegur aðalfundur Sparisjóðsins kys hina tvo, og skal annar vera af Sauðárkróki, en hinn úr Skagafjarðarsýslu.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Geri formaður sjóðsstjórnar grein fyrir fjárhag hans og úthlutun viðurkenninga á aðalfundi Sparisjóðsins ár hvert.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af aðalfundi Sparisjóðsins. Hætti Sparisjóður Sauðárkróks starfrækslu, ákveður síðasti aðalfundur hans um áframbaldandi framkvæmd þessarar reglugerðar.

11. gr.

Leita skal staðfestinga forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Sauðárkróki, 3. marz 1964.

Björn Daníelsson.

Guðjón Ingimundarson.

Jón Sigurðsson.